

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	4. maí 2023	Tími:	12:00 – 13:00
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1			
Fundarstjóri:	KS			
Ritari:	AH			
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Ingileif Oddsdóttir (IO), Kristján Sverrisson (KS) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ), Dána Óskarsdóttir (DÓ)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 4. maí 2023

1. Fundargerð stjórnarfundar 30. mars 2023

Fundargerð stjórnarfundar 30. mars sl. samþykkt.

2. Aðalfundur

Farið yfir skipulag og dagskrá aðalfundarins sem haldinn verður 17. maí nk. Kjörnefnd hefur þegar kynnt framboð til stjórnar fyrir félagsmönnum. Undirbúningur fyrir fundinn annars í hefðbundnum farvegi. Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast mun Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, mannauðs- og stjórnendaráðgjafi, fjalla um erfið starfsmannamál frá sjónarhorni mannauðsstjórnunar. KS og AH munu hitta GJG og afmarka nánar efnið.

3. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

4. Beiðni FJR um samstarf

Umræður um beiðni frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um samstarf vegna gagnavinnslu um ríkisstofnanir. Ákveðið að skoða nánar.

5. Vinnustofur KMR fyrir nýja forstöðumenn

Umræður um vinnustofur KMR fyrir nýja forstöðumenn og hvað mætti bæta inn í þá annars góðu fræðslu sem þar fer fram. Í því sambandi var nefnd aukin fræðsla og/eða kynning á kerfum Fjársýslu ríkisins (Orri, Akra). Samskipti stofnana við fagráðuneyti bar einnig á góma og þörf á samræmdu verklagi. Einnig var því velt upp hvort ekki væri kjörið að kynna félagið fyrir félagsmönnum á þessum vettvangi.

6. Önnur mál

- KS sagði frá afar vel heppnaðri vorferð í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í lok apríl.
- KS og AH fóru á fund hjá allsherjar- og menntamálanefnd sl. fimmtudag og fylgdu eftir umsögn félagsins um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími), 741. mál.
- IO greindi frá áformum stjórnvalda um sameiningar framhaldsskóla og lýsti áhyggjum af skorti á samráði og hraða í tengslum við þau áform.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert.